



Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júlí 2007
Tilvísun: 2007070010
Bréfalykill: 22.2

Efni: Rannsóknarborun við Gráuhnúka

Með bréfi dags. 11. júlí 2007 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Orkustofnunar um hvort ofangreind framkvæmd á vegum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sé matsskyld. Orkustofnun hefur kynnt sér framlögð gögn OR; skýrsluna *Rannsóknarborun við Gráhnúk, Sveitarfélaginu Ölfusi - tilkynning um framkvæmdir*, sem tekin er saman af V GK-Hönnun, dags. júlí 2007. Borunin er liður í því að afla betri almennrar þekkingar á jarðhita á Hengilssvæði með því að afla meiri þekkingar um tengsl þess við Hverahlíðarsvæði og svonefnt niðurrensslissvæði norðan Gráhnúka. Þetta borsvæði er utan vatnsverndarsvæða og með því að OR hefur komið sér upp veitu til að sjá borum fyrir vatni er vatnsöflun takmörkuð við tiltekin velþekkt svæði. Ennfremur er förgun affallsvatns með hætti sem góð reynsla er af.

Niðurstaða:

Með tilliti til mögulegra áhrifa á viðkomandi auðlindir telur Orkustofnun þau ekki gefa tilefni til að fara fram á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Kristinn Einarsson

Hákon Aðalsteinsson